



Fundargerð

Miðvikudaginn 19. júní 2024 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 16:30 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar að Túnbraut 1-3.

Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Ásdís Ýr Arnardóttir, Erla Jónsdóttir, Grímur Rúnar Lárusson og Erla María Lárusdóttir varamaður Péturínu Laufeyju Jakobsdóttur.

Auk þess sat fundinn Ólafur Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins.

Sara Lind Kristjánsdóttir félagsmálastjóri tengdist fundinum með fjarfundarbúnaði undir 5. og 6. dagskrárlið.

Formaður stjórnar, Ásdís Ýr Arnardóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Dreifnám

Lagt fram til kynningar minnisblað stýrihóps um stöðu dreifnáms og hvaða leiðir eru til styrkingar. Við endurskoðun á dreifnámi var myndaður stýrihópur sem í voru fulltrúar frá sveitarfélögum í Austur Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra ásamt sviðsstjóra fjölskyldusviðs í Húnaþingi vestra og fræðslustjóra Austur Húnavatnssýslu. Minnisblað stýrihóps er til umfjöllunar í sveitarstjórnnum. Mikilvægt er að sveitarstjórnir taki afstöðu til verkefnisins um dreifnám. Á þessum tímapunkti er ekki ljóst með húsnaði fyrir dreifnámið á Blönduósi næsta haust.

2. Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna

Þar sem tilfærsla verkefnisins um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna hefur verið gerð innan byggðasamlagsins er talið rétt að það sé formlega staðfest.

Eftirfarandi tillaga að samkomulagi var lagt fyrir stjórn:

„Samkomulag um innleiðingu á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 í Austur Húnavatnssýslu.

Stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún samþykkir að veita Þórdísi Hauksdóttur fræðslustjóra og Söru Lind Kristjánsdóttur félagsmálastjóra umboð til að leiða



Félags- og skólajónusta A- Hún

innleiðingu á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna í Austur Húnavatnssýslu.

Í samkomulaginu felst innleiðing í allar stofnanir sveitarfélaganna, það er öll skólastig, félagsmiðstöðvar, frístund, tónlistarskóla og aðrar stofnanir sem eru þjónustuveitendur.

Í innleiðingu felst einnig samvinna við þá aðila sem veita almenna þjónustu svo sem íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsstarf. Í innleiðingu felst fræðsla til starfsfólks sem og almennings.

Með þessu samkomulagi fylgir heimild til að taka saman tölfræðilegar upplýsingar sem gagnast við innleiðingu laganna og gerð verklags í samvinnu við Barna- og fjölskyldustofu sem tryggir samræmda úrvinnslu mála“.

Tillagan var samþykkt samhljóða með fjórum atkvæðum.

3. Sæborg - bjöllukerfi

Á hjúkrunarheimilinu Sæborg er komin upp sú staða að endurnýja þarf hnappa eða sjúkrakallskerfið fyrir íbúa. Það kerfi hætti að virka um síðustu mánaðarmót. Forstöðumaður hefur verið að kanna og leita eftir tilboðum í endurnýjun. Þrjú tilboð hafa borist og tölurnar eru á bilinu 0,6-1,5 m.kr. eftir útfærslu. Á fjárhagsáætlun er áætlað fjármagn fyrir viðhaldi áhalda og búnaðar, sem hægt væri að nýta til endurnýjunar á bjöllukerfi.

Stjórn Félags- og skólajónustu felur hjúkrunarforstjóra í samráði við framkvæmdastjóra byggðasamlagsins að ganga frá kaupum á búnaði sem talinn er henta best.

4. Framkvæmdir

Lagt fram til kynningar yfirlit yfir stöðu framkvæmda við endurbætur á Ægisgrund 4, Skagaströnd og Hnitbjörgum, íbúð 1.2. Lokið er við endurbætur á Ægisgrund og þær hafnar í Hnitbjörgum. Stefnt er að ljúka þeim í júlí.



5. Fundargerð félagsmálaráðs frá 17. maí 2024

Lögð fram til kynningar fundargerð félagsmálaráðs frá 17. maí.

6. Til kynningar:

a. Fundargerðir fagráðs um málefni fatlaðs fólks

Lögð fram til kynningar fundargerð fagráðs um málefni fatlaðs fólks frá 22. fundi 24. maí 2024.

b. Fundargerðir fagráðs um Barnaverndarbjónustu Mið Norðurlands

Lagðar fram til kynningar fundargerðir fagráðs frá 50. fundi til þess 51. á tímabilinu 29. apríl til 3. júní 2024.

7. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:33

Ásdís Ýr Arnardóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Grímur Rúnar Lárusson

Erla Jónsdóttir

Erla María Lárusdóttir